



Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 8.9.2026 varðandi eftirfarandi mál:

- 6. liður; samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs um breytingar á reglum um hámarksfjölda bílastæða við nýbyggingar

6. liður fundargerðar borgarráðs frá 3. september; breytingar á reglum um hámarksfjölda bílastæða við nýbyggingar, er samþykktur með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar, Miðflokksins og Framsóknarflokksins gegn átta atkvæðum Samfylkingarinnar, Vinstrisins og Sósíalistaflokks Íslands.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðar borgarráðs frá 3. september:

Með breytingum meirihluta Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar á reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík falla almenn bindandi hámarksgildi um fjölda bílastæða við nýbyggingar og endurnýjun byggðar niður. Endurskoðuð viðmiðunargildi verða áfram lögð til grundvallar við mat á bílastæðapörf, en heimilt verður að víkja frá þeim til fjölgunar eða fækkunar þegar staðsetning, landnotkun, aðstæður og þarfir viðkomandi uppbyggingar gefa tilefni til. Frávik skulu rökstudd og samgöngumat áfram nýtt. Markmiðið er að tryggja að fjöldi bílastæða ráðist af gagnsæju, málefnalegu og staðbundnu mati í stað ósveigjanlegra hámarksgilda. Afnáam hámarksgilda felur ekki sjálfkrafa í sér fjölgun bílastæða en gefur húsbyggjendum færi á að mæta þörfum og kröfum markaðarins. Eftir því sem kostur er verði kaup eða leiga bílastæðis aðskilin frá kaupum eða leigu íbúðar, þannig að kostnaður við stæðin falli á notendur þeirra. Breytingarnar eru í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 16. júní 2026 og fela ekki í sér að fallið sé frá markmiðum borgarinnar um breyttar ferðavenjur, skilvirka landnýtingu og vandað borgarumhverfi.

Borgarfulltrúar Vinstrisins leggja fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðar borgarráðs frá 3. september:

Ekki hefur verið nægilega vel girt fyrir að geðþóttaákvæðanir um bíla- og hjólastæðafjölda verði teknar. Fulltrúar Vinstrisins telja að áður samþykktar breytingar á viðmiðum hafi verið góðar og að óþarfi hafi verið að afnema



hámarksfjölda bílastæða við nýbyggingar. Eins er fráleitt að hækka lágmarksviðmiðin um bílastæði fyrir námsmannaíbúðir. Ljóst er að með þessu gæti hugsanlega mun meira rými farið undir bíla en heimili fólks.

Helga Björk Laxdal
e.u.